

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalýðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalýðsfélaga í sveitarfélögum, sem fámennari eru, ef þar er starfandi verkalýðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að lögín taki til annarra staða, ef verkalýðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar meðlimur verkalýðsfélags að hluta sjósókn á eigin fari, en vinnur að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, og er hann þá gjaldskyldur með sama hætti og atvinnurekendur skv. 1. og 2. mgr. af vinnu í eigin þágu. Hver róðrardagur telst sem einn vinnudagur, þegar gjald er reiknað. Bótaréttur viðkomanda skv. öðrum ákvæðum laganna skal ákvarðaður á sama grundvelli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, sömuleiðis við steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir og kostnaður við gerð varanlegs slitlags

á götu greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa-, gangstétta- og gatnagerðarskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða meðfram götu, þar sem holræsi eða gangstéttir verða lagðar og/ eða varanlegt slitlag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 66/1917 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að efla íslenskan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu heimilt, meðal annars:

1. Að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja.
2. Að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.
3. Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim.
4. Að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir.
5. Að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.